

## ***Foreldraráð við hvern leikskóla***

### **Fyrsta skólastig barnsins**

Það er óhætt að segja að leikskólinn sé ansi stór hluti af tilveru fjölmargra barna og fjölskyldna í okkar samfélagi. Í dag er leikskólinn viðurkenndur sem fyrsta skólastig barnsins. Menntamálaráðuneytið, sveitarfélögin og aðrir rekstraaðilar hafa lagt sitt af mörkum í uppbyggingarstarfi leikskólans og gert það með miklum ágætum. Leikskólinn hefur verið í stöðugri þróun síðustu ár, fjölbreytni í starfi leikskólans og aukin gæði hafa verið í takt við auknar kröfur samfélagsins. Í leikskólum fer m.a. fram nám í gegnum leik og er leikskólinn góð undirstaða fyrir barnið til að takast á við næstu skref í menntagöngu þess. Ný menntalög hafa litið dagsins ljós. Þar kemur m.a. fram að leikskólinn er fyrsti skóli barnsins og áherslur lagðar á að börnin fái jákvæða mynd af skólakerfinu í heild sinni. Mikill metnaður og framsýni liggur í nýjum lögum, þar hefur fagmennska og þjónusta ráðið för.

Samtökin Heimili og skóli fagna nýju leikskólalögunum, sérstök ánægja er með IV. kafla laganna sem fjallar um aðkomu foreldra að leikskólastarfi, en sá kafli er nýr í lögnum. Þar er fjallað um foreldra, réttindi þeirra og skyldur en margir hagsmunaaðilar hafa lýst yfir mikilvægi þess að aðkoma foreldra að leikskólastarfi yrði aukin. Ábyrgð á uppeldi barna hvílir fyrst og fremst á herðum foreldra en öflugt og náð samstarf við starfsfólk leikskóla er lykillinn að vellíðan og þroska þeirra.

### **Stofnun foreldraráða við leikskóla er ein leið til að styrkja aðkomu foreldra að málefnum leikskóla og gert er ráð fyrir að slíkum vettvangi verði komið á í leikskólum**

Ábyrgð á velferð og öryggi barna hvílir fyrst og fremst á foreldrum þeirra. Í nýju leikskólalögunum er skert á ábyrgð foreldra á leikskólagöngu barna sinna. Að þeir leitist við, m.a. með góðu samstarfi við starfsfólk leikskóla, að þeir fylgist með skólagöngu barna sinna með því að styðja þau og hvetja á allan hátt. Nýju leikskólalögin gera ráð fyrir aukinni aðkomu foreldra að leikskólastarfi, enda hefur það verið hagsmunamál foreldra að aðkoma foreldra að málefnum leikskólans verði styrkt og ábyrgð foreldra á leikskólastarfi sé skýr. Foreldrar, starfsfólk leikskóla og börnin eru samstarfsaðilar sem þurfa að mynda sterkan samvinnu vettvang þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi.

Ný leikskólalög kveða á um að við hvern leikskóla skuli starfa foreldraráð og ber leikskólastjóra að stuðla að þessu samstarfi með því að hafa frumkvæði að stofnun slíks

vettvangs. Þetta eru nýmæli í lögum um leikskóla. Með stofnun þess er haft í huga að koma á góðu og nánú samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Með því að lögfesta stofnun foreldraráða er ekki verið að koma í veg fyrir að foreldrafélög starfi áfram við leikskóla. Löggin gera ráð fyrir því að það sé í höndum foreldra að taka ákvörðun um hvort starfandi sé foreldrafélag samhliða foreldraráði. Hér hafa skapast ný sóknarfæri fyrir foreldra leikskólabarna, t.d. til að fjalla um og gefa umsögn til leikskólans um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskóla. Einnig er kveðið á um það að haft sé samráð við foreldra um allar ákvarðanir sem teknar eru um meiri háttar breytingar á skólastarfi.

### **Gagnkvæmt traust og virðing**

Ein leiðin til þess að kynnast þeim leikskóla sem tekur þátt í uppeldi barnsins er að taka þátt í foreldrasamstarfi og opnar slíkt samstarf einnig tækifæri á því að geta haft áhrif á starfið og það umhverfi sem barninu er búíð. Forsenda öflugs foreldrasamstarfs er gagnkvæmt traust og virðing milli foreldra og starfsfólks leikskóla. Skólastofnanir hafa á undaförnum árum komið meira að uppeldi barna þar sem dvalartími þeirra hefur lengst töluvert síðustu ár og sífellt yngri börn dvelja 7-9 klukkustundir á dag á leikskólum landsins. Á leikskólum er unnið mjög mikilvægt starf og brýnt er að við hlúum að velferð barnanna og virkjum krafta allra sem að koma.

Góðir skólar koma aldrei í stað foreldra því foreldrar eru áhrifamestu fyrirmyndir barna sinna. Eins og máltækið segir – lengi býr að fyrstu gerð. Framundan eru mörg sóknarfæri fyrir okkur foreldra og þau skulum við nýta vel í þágu barnanna. Börnin eru framtíð landsins og það er skylda okkar foreldra að bera ábyrgð á velferð þeirra. Það gerum við með því að taka þátt í leik þeirra og starfi.

Stuðlum saman að því að byggja upp barnvænt samfélag.

*Sjöfn Þórðardóttir*  
*Formaður Heimilis og skóla*